

# ÍSLANDSMÓT KVENNA Í TVÍMENNINGI 2011

## REGLUGERÐ

1. Spilaður er barómeter, 5 spil milli para, allir við alla. Gefnar eru 37 mínútur á umferð. Pör sem ítrekað fylgja ekki settum tímamörkum verða sektuð, að undangenginni aðvörun frá keppnisstjóra og skal sektin vera a.m.k. 10% af toppskori spils.
2. Öll pör skulu framvísa kerfiskorti. Notkun PASS-KERFA er bönnuð. Nota skal viðvörunarregluna (ALERT) upp að fjórða sagnstigi. Gefa skal viðvörun á allar óeðlilegar sagnir í fyrsta sagnhring.
3. **Aldrei skal gefa viðvörun sögnina 4 grönd, dobl eða redobl.**
4. Nota skal STOP viðvörunina þegar stokkið er yfir sagnstig.
5. Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils.
6. Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 15. mín frá lokum hverrar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 8.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra.
7. Það par, sem flest stig hlýtur að loknum öllum umferðunum, telst sigurvegari í mótinu og hlýtur titilinn **ÍSLANDSMEISTARAR KVENNA Í TVÍMENNINGI 2011**. Ef tvö eða fleiri pör verða jöfn í sömu sætum ræður eftirfarandi:
  1. Árangur gegn fimm efstu pörunum að þeim sjálfum undanskildum.
  2. Innbyrðis viðureign.
  3. Hlutkesti.
8. Öll ölvun í keppni varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni.
9. Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.
10. Notkun farsíma í keppnissölum er bönnuð
11. Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.

KEPPNISSTJÓRI er skipaður af stjórn BSÍ  
DÓMNEFND er skipuð af stjórn BSÍ